



## Neysla Íslendinga í útlöndum eykst verulega

*Aukningin í greiðslukortaveltu Íslendinga milli ára í september var alfarið drifin áfram af utanlandsferðum og neyslu erlendis. Innanlands mældist samdráttur í neyslu í fyrsta sinn síðan í apríl 2020. Gera má ráð fyrir kraftmiklum vexti einkaneyslu næstu misseri þar sem landsmenn ganga á uppsafnaðan sparnað.*

### Neysla innanlands dregst saman


Seðlabanki Íslands birti á dögunum gögn um veltu innlendra greiðslukorta í september.<sup>1</sup> Samanlagt jókst kortavelta um 5% milli ára miðað við fast gengi og fast verðlag. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 67,7 mö.kr. og dróst saman um rúm 4% milli ára á föstu verðlagi. Kortavelta Íslendinga erlendis nam 15,4 mö.kr. og jókst um 85% milli ára miðað við fast gengi.

Á síðustu mánuðum hefur vöxturinn í kortaveltu að mestu leyti verið tilkominn vegna aukningar í kortaveltu erlendis þar sem Íslendingar eru nú farnir að ferðast til útlanda í auknum mæli. Þetta er þó fyrsti mánuðurinn þar sem vöxturinn er alfarið tilkominn vegna aukningar erlendis frá. Innanlands mældist samdráttur í neyslu Íslendinga í fyrsta sinn síðan í apríl 2020. Þrátt fyrir það er neyslan örlítið meiri en hún var á sama tíma árið 2019 og Íslendingar því enn duglegir að neyta vara og þjónustu innanlands þó áherslan færist út fyrir landsteinana. Neysla Íslendinga erlendis mældist þó enn um 12% lægri en hún var á sama tíma árið 2019.

### Mikil bjartsýni ríkir


Væntingar landsmanna til atvinnu- og efnahagsástands mældust talsvert háar á þriðja ársfjórðungi og hafa ekki verið hærri síðan í október 2016. Mat fólks á núverandi stöðu hefur batnað stöðugt síðustu mánuði og mældist nú á svipuðum stað og fyrir faraldur á sama tíma og væntingar til

### Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Einkaneysla og væntingar



Ársfjórðungslegar tölur. Væntingavísitala Gallup er byggð á viðhorfi almennings til efnahags- og atvinnuástandsins. Heimild: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

<sup>1</sup> Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.




stöðunnar eftir 6 mánuði hafa mælst háar allt þetta ár.

Einkaneyslan hefur fylgt þróun í væntingum ágætlega og má því gera ráð fyrir aukinni neyslu á næstu mánuðum samfara verulega aukinni bjartsýni. Kortavelta jókst um alls 8,4% milli ára á þriðja ársfjórðungi og má því einnig búast við talsverðri aukningu í einkaneyslu.

### Spáum 5% vexti einkaneyslu í ár

Hagfræðideild gaf nýverið út [þjóðhags- og verðbólguþátt til ársins 2024](#) þar sem gert er ráð fyrir því að einkaneysla aukist um 5% í ár, 4,5% á næsta ári og um 3% næstu tvö árin þar á eftir. Spáin gengur út frá því að heimilin muni ganga á uppsafnaðan sparnað sem varð til í samkomutakmörkunum vegna faraldursins og er því að miklu leyti um að ræða tilfærslu á neyslu milli ára. Hversu hraður vöxturinn verður fer að miklu leyti eftir því hve gjörn heimilin verða á að ganga á þennan sparnað og er líklegt að hækkun vaxta muni draga úr neysluvilja og getu þegar líður á spátímann.

### Einkaneysla – þróun og spá



2021-2024 er spá Hagfræðideildar. Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.